


Fréttabréf AFLs

2. tbl. 2017

Dreift um allt Austurland



Hvert fóru allir?

Fyrir um 30 árum störfuðu um það bil 24.000 Íslendingar við fiskveiðar, fiskvinnslu og landbúnað. Í dag er starfsfólk í þessum greinum 11.000. Það er fækkun um 13.000 störf á 30 árum á sama tíma og veruleg framleiðni aukning hefur verið – aukin verðmæti og landsmönnum hefur fjölgað. Það er því von að við spyrjum: Hvert fóru allir?

Hvar eru þessir 13.000 einstaklingar sem unnu störf? Hvar eru allir bankagjaldkerarnir? Hvar eru allir þeir sem unnu störf sem nú hafa lagst af með aukinni tæknivæðingu. Þá er að sjálfssögðu ekki verið að horfa til einstaklinga heldur stöðugilda.

Allt frá upphafi fyrstu iðnbyltingarinnar, sem talin er hefjast um miðja átjándu öld í Englandi, hefur launafólk tekið tækniframförum með óttablandinni eftirvæntingu. Auðvitað var það mönnum mikill léttir er vélar tóku við erfiðustu verkunum, t.d. skurðgreftri, að lyfta þungum byrðum og svo framvegis. Engu að síður veltu menn því fyrir sér hvað yrði um þá sjálfa, þ.e. hvar myndu verkamenn, sem áður höfðu víðurveri sitt af því að grafa skurði, hafa atvinnu og framfærslu eftir að vélar gengu í störf þeirra.


Þessi ótti er skiljanlegur því við

óttumst yfirleitt það sem við ekki þekkjum og hraðar tækniframfarir síðustu 200 ár hafa breytt samfélagum hraðar og meira en nokkru sinni áður í sögunni frá því að plógurinn var fundinn upp.

Fyrir 2–300 árum gat einstaklingur reiknað með því að það sem viðkomandi lærði af foreldrum sínum væri næg vitneskja út lífið og að verkfæri foreldranna yrðu hans eða hennar verkfæri út lífið. Í dag er þróunin svo hröð að það sem þóttu merkilegar tækninyjungar fyrir 20–30 árum er horfið og unglingar í dag þekkjá t.d. faxtæki og segulbands-tæki í mesta lagi af afspurn.

Allt frá upphafi iðnbyltingarinnar – og þá sérílagi þeirrar síðari (1870–1920) – hefur aukning í framleiðslu skilað sér í auknum lífsgæðum fyrir alla. Væðingun hefur ekki leitt af sér atvinnuleysi heldur breytingar á samfélaginu, auknar kröfur og nýjar atvinnugreinar og þannig stækkað kökuna sem til skipta er. Nokkrar blikur eru á lofti hvað það varðar. Þau 13.000 stöðugildi sem horfið hafa úr grunnframleiðslunni hafa því ekki endað í atvinnuleysi heldur nýjum greinum og aukinni þjónustu.

Í tilefni 10 ára afmælis AFLs Starfsgreinafélags sem varð til 28. apríl 2007 með samruna AFLs



Starfsgreinafélags Austurlands, Verkalyðsfélags Reyðarfjarðar og Vökuls Stéttarfélags, gengst félagið fyrir ársfundi trúnaðarmanna á ný eftir tveggja ára hlé. Efni fundarins að þessu sinni er framtíðin – hvað ber hún í skauti sér og hverjar eru hætturnar.

Frummælendur fundarins eru Karl Friðriksson, framkvæmdastjóri og framtíðarfræðingur hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Stefán Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands, og Gylfi Arinbjörnsson, forseti ASÍ.

Meðal þess sem við munum skoða á fundinum er þróun vinnumarkaðar á næstu áratugum – við hvað munum við vinna og munu vélar og tæki taka við störfum okkar? Verður AFL Starfsgreinafélag yfirhöfuð til eftir 30 ár og hverjir verða félagsmenn?

Trúnaðarmenn AFLs Starfsgreinafélags og fulltrúar í stjórnnum og ráðum félagsins geta skráð sig til þátttöku með pósti á gunnar@asa.is – sjá auglýsingu hér í fréttabréfinu.



Sjálfskeyrandi bílar voru nýverið prófaðir á götum Lundúnaborgar. Mynd: Volvo

Öld vélanna

Getum við nýtt tækifærið og búið til betra samfélag með styttri vinnuviku og meiri jöfnuði?

Á síðasta ári sagði Foxconn, stærsti íhlutaframleiðandi heims sem m.a. framleiðir íhluti í iPhone og Samsung auk yfirleitt flestra tækja á tölvu- og símamarkaði, upp 60.000 starfsmönnum í einni af verksmiðjum sínum í Kína og setti vélmenni í staðinn. Fleiri fyrirtæki fylgja í kjölfarið og væntanlega verður gríðarleg vélmennavæðing í tækniiðnaði á næstu árum.

Vélmennavæðing er þegar gríðarlega mikil í ákveðnum atvinnugreinum, t.d. bílaiðnaði og þar sem unnin eru reglubundin störf, t.d. við rafsuðu. Framfarir í vélmennaiðnaði eru miklar og verkefnum sem unnt er að fela vélmennum fer fjölgandi.


Það er ekki spurning um það hvort samfélag okkar muni breytast á næstu áratugum heldur aðallega hversu hratt það breytist og hvernig okkur gengur að virkja breytingarnar til aukinna lífsgæða fyrir alla. Verður pláss fyrir okkur og ef störfin okkar verða vélvædd hver ætlar þá að borga okkur laun?

Mikil sjálfvirkni nú þegar

Það er ekki nóg að bjóða upp á nýja tækni heldur verða stjórnendur að hafa þekkingu og löngun til að nýta hana. Þannig hafa möguleikar sem tölvutæknin hefur boðið upp á í áratugi verið oft verulega vannýtt. Við sjáum þó stórar breytingar á síðustu árum, t.d. með sjálfvirkum rafrænum flutningi upplýsinga sem sparað hefur mikla vinnu.

Á skattframtölum sem við opnum á vef rsk.is er þegar búið að fylla inn allar helstu upplýsingar fyrir okkur. Það er einstaklingum til mikils tímasparnaðar og er aðeins ein birtingarmyndin af „vélmennavæðingu“ því þótt ekki sé um eiginlegt vélmenni að ræða sem fyllir út skattskýrslurnar okkar er gjörðin sú sama – þ.e. vélar hafa tekið að sér þetta leiðinlega verk og gera það einungis með því að safna saman upplýsingum sem þær hafa aðgang að og beina þeim á rétta staði.

Hér á Íslandi getum við farið á vefi Veðurstofunnar eða Vegagerðarinnar og fylgst með hitastigi og vindhraða á fjölmörgum stöðum á landinu



Fara vélarnar að segja mönnum fyrir verkum? Mynd: Techcrunch

hvenær sem er sólarhringsins. Það er vegna þess að sjálfvirkar veðurstöðvar mæla veðuraðstæður og senda á móðurtölvu veðurstofunnar sem síðan breytir gögnunum í nothæft form og birtir á vefnum. Ef ekki væri fyrir „vélvæðingu“ veðurstofunnar þyrfti tugi veðurmælingamanna og

starfsfólk við innslátt til að hafa aðgang að þessum sömu upplýsingum.

Í Kaupmannahöfn keyra Metróllestirnar mannlaukar og víða í heiminum er fólk að gera tilraunir með mannlauka bíla. Á flugvöllum er farangur flokkaður vélrænt og á skyndi-bitastöðum eru vélmenni farin að

gera sig gildandi bæði við að taka við pöntunum og eins við að steikja hamborgara.

Hvaða störf geta vélar unnið

Framtíðarmöguleikar í vélvæðingu starfa eru nánast óþrjótandi en störf sem vélmenni geta enn ekki unnið eru störf sem unnin eru við mjög breytilegar aðstæður, störf sem kalla á mikil mannleg samskipti og þá innsæi og túlkun starfsmannsins og störf sem reyna á skilning á tungumálum og blæbrigðum þess.

Þetta getur þó allt verið breytingum háð því rannsóknum í gervigreind, þ.e. að kenna vélum að hugsa og draga ályktanir, fleygir fram og svo hitt að næstu kynslóðir verða ef til vill vanari að „tala“ við vélar og því kunna störf sem í dag kalla á mannleg samskipti að verða vélrænni í framtíðinni.

Störf sem einkum er horft til við vélvæðingu eru t.d. störf við framleiðslu þar sem sömu störf eru unnin reglubundið, t.d. við færiband. Einnig störf við þökkun og röðun á vöru. Þá störf við söfnun og vinnslu upplýsinga.

Á Íslandi og þá ekki síst á Austurlandi þekkir fólk vel til þessarar vélvæðingar og nægir að benda á línuritid á bls. 1 í þessu fréttabréfi en þar má sjá verulega fækkun starfa, t.d. við fiskvinnslu. Við þekkjum hvernig störfum í stóru frystihúsum hér hefur fækkað og það samfara verulegri framleiðsluaukningu og það er einungis vegna verulegrar vélvæðingar.

Lífsgæði samfara tæknipróun

Í grófum dráttum hefur tæknivæðing haft í för með sér aukin lífsgæði fyrir alla samfara miklum hagvexti. Það skýrist m.a. af því að hagvöxtur var ekki síst knúinn fram með aukinni neyslu – þ.e. að ávinningi af aukinni framleiðslu var beint út í hagkerfið sem kallaði á aukna neyslu sem aftur knúði fram hagvöxt. Síðustu áratugi hefur hagvöxtur víða um heim byggt fremur á „alþjóðaviðskiptum“ en heimamarkaði og þannig hafa laun víða staðið meira eða minna í stað í áratugi en ríkasta prósent jarðarbúa hirt ávinninginn að mestu leyti.

Þetta kemur fram í gögnum frá Fjárlagastofu Bandaríkjaþings sem sýna hvernig launaþróun eftir skatta hefur verið í Bandaríkjunum síðustu fjóra áratugi en ríkasta prósent þjóðarinnar hefur hirt nánast allan efnahagsávinning þjóðarinnar allan þennan tíma.

Við sjáum líka á myndinni að fátækasti hluti þjóðarinnar hefur ekki bætt sín kjör nema um sem nemur 10% á sama tíma og ríkasta prósentid eykur sinn hlut um 380%.



Störfum í fiskvinnslu hefur fækkað með aukinni vélvæðingu. Mynd: GG

Það er því m.a. þessi víti sem þarf að varast við framtíðarmótun samfélagsins – þ.e. að tryggja að ávinningur vélvæðingarinnar og ávinningur alþjóðaviðskipta verði samfélaginu öllu til góðs og framdráttar en ekki aðeins fáum útvöldum.

Hvað mun breytast

Störf sem unnt verður að vélvæða verða vélvædd. Gömlu iðngreinarnar okkar munu sumar glíma við tilvistarkreppu og mörk á milli „fagmenntaðra og ófaglærðra“ munu í sumum tilfellum hverfa en í öðrum tilfellum skerpast.

Hin hefðbundna skipan á vinnu-markaði mun breytast og nýjar stéttir rísa upp en aðrar veijkjast. Það verða engin störf „vernduð“ því meðfram framförum í gervigreind munu vélmenni geta tekið að sér æ fleiri störf. Þannig er t.d. talið að unnt sé að vinna um 30% hefðbundinnar hjúkrunar með vélmennum. „Sérfræðingar“ hjá fjármálafrýrtækjum nota umtalsverðan hluta af vinnutíma sínum til að safna og skrá upplýsingar – allt þetta er unnt að vélvæða.



Munu vélmenn taka við starfi þjóna? Mynd: Business Insider

Skrifstofur lokaðar 24. mars

Í tilefni 10 ára afmælis AFLs Starfsgreinafélags verða skrifstofur félagsins **lokaðar föstudaginn 24. mars** en starfsfólk tekur þátt í ársfundi trúnaðarmanna. Reynt verður að hafa neyðarsvörun í síma 4700 300 og fylgst verður með pósthólfinu asa@asa.is en athygli er vakin á að þennan dag verður ekki unnt að veita hefðbundna þjónustu s.s. selja flugmiða eða aðstoða félagsmenn við bókun orlofsbíða.

Félagssfundur AFLs Starfsgreinafélags verður haldinn

25. mars 2017 að Hótel Hallormsstað kl. 11:30

Dagskrá

1. Kjör fulltrúarráðs Stapa Lífeyrissjóðs
2. Önnur mál

Stjórn AFLs Starfsgreinafélags



Til góðra verka
10 ár!

Aðalfundur verkamannadeildar AFLs Starfsgreinafélags verður haldinn

7. apríl 2017 kl. 17:00 – að Búðareyri 1 Reyðarfirði

Dagskrá

1. Kjaramál
2. Skýrsla formanns deildar
3. Reglugerðarbreyting
4. Kjör stjórnar deildarinnar
5. Önnur mál

Stjórn Verkamannadeildar AFLs



Til góðra verka
10 ár!

NÚ ER TÆKIFÆRI!

Ársfundur - Trúnaðarmanna AFLs Starfsgreinafélags

23. – 25. mars 2017 Hótel Hallormsstað

Fimmtudagur 23. mars 2017

- 17:00 – 18:30 Koma á hótél
- 18:30 – Móttaka. Hjördís Þóra, formaður AFLs tekur á móti ráðstefnugestum.
- 19:30 – Kvöldverður
- 20:30 – Trúnaðarmenn sjá um dagskrá

Föstudagur 24. mars 2017

- 08:00 – 09:30 Morgunverður
- 10:00 – Setning ársfundar – Hjördís Þóra
- 10:15 – AFL í 10 ár á 10 mínútum. Sverrir Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs
- 10:30 – Samfélagsáttmáli í upplausn – Stefán Ólafsson, prófessor HÍ
- 12:00 – Hádegisverður
- 13:00 – Síðasti maður út slökkvi ljósið – Breytingar á daglegu lífi og vinnu. Karl Friðrikson, stjórnarformaður Framtíðarseturs Íslands
- 14:45 – Kaffihlé
- 15:10 – Samtökin okkar í breyttu umhverfi – Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ
- 16:00 – Umræðuhópar
- 17:00 – Pallborð og spjall
- 18:30 – Mætt til borðhalds – fordrykkur og tónlist
- 19:30 – Kvöldverður

Laugardagur 25. mars

- 08:00 – 09:00 Morgunverður
- 09:00 – Vinnuslys og atvinnusjúkdómar – Kristinn Tómasson, yfirlæknir VER
- 10:00 – Hlutverk trúnaðarmanna á vinnustað
- 11:00 – Pallborð fyrir trúnaðarmenn
- Ráðstefnuslit
- Hádegisverður og brottför

Allir trúnaðarmenn AFLs Starfsgreinafélags velkomnir svo og fulltrúar í stjórnnum og ráðum félagsins. Skráning á gunnar@asa.is og í síma 4700303. AFL Starfsgreinafélag annast skipulag ferða frá skrifstofum félagsins.



Til góðra verka
í 10 ár!